

- a. Skip, sem um getur í a-lið 21. gr. greiði kr. 6.00 af hverri brúttó rúmlest á ári. **161**
Bátar undir 12 brúttó rúml. greiði kr. 30.00 á ári. Gjalddagi er 1. júlí. **21. sept.**
- b. Skip, sem um getur í b-lið 21. gr. greiði kr. 0.50 af hverri brúttó rúmlest í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald. Bátar undir 12 rúml. brúttó, greiði kr. 10.00 hvert skipti.
- c. Öll önnur skip greiði kr. 0.50 af hverri brúttó rúmlest. Innlend vöru- og farþegaskip, greiði þó aðeins kr. 0.30 af hverri nettó rúmlest. Bryggjugjald miðast við sólarhring eða hluta úr sólarhring.

24. gr.

Öll skip, sem leggjast að bryggju, greiði aukalega festargjald, kr. 25.00—300.00, eftir stærð skipsins.

25. gr.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.

IX. KAFLI

Fjörugjald.

26. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru, innan takmarka hafnarinnar, til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0.25 af hverri nettó rúmlest, fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 20.00. Undanþegin gjaldi þessu eru skip, sem heima eiga á Patreksfirði.

X. KAFLI

Um vörugjald.

27. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöól á land eða úr landi á skipsfjöól, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

28. gr.

Fyrir vörur, sem skv. farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggja á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

29. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- Póstur og venjulegur farþegaflutningur .

30. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.